



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Reykjavík 13. mars 2024

2301032SA VRH

Málalykill: 16.10

Efni: Vegna áskorunar til sveitarfélaga í tengslum við kjarasamninga

Eins og ykkur er kunnugt um þá skrifaði, formaður Samband íslenskra sveitarfélaga, undir yfirlýsingu um stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga þann 8. mars sl. Í kjölfarið sendi Sambandið út erindi til allra sveitarfélaga þar sem skorað var á sveitarstjórnir að taka þátt og sína samstillt áttak til að liðka fyrir gerð langtímakjarasamninga til að kveða niður vexti og verðbólgu. Viljum við áréttta að samningsumboð sambandsins nær ekki yfir yfirlýsingu sem þessa og því getur sambandið einungis skorað á sveitarfélög að taka þátt.


Seinustu daga höfum við fengið nokkrar fyrirspurnir frá sveitarfélögum þar sem spurt er út í nákvæma útfærslu á ýmsum liðum, sérstaklega hvað varðar gjaldskrárlækkunir. Í samkomulaginu er talað um endurskoðun gjaldskrárhækkana sem tóku gildi um síðustu áramót er varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Miða skal við að hækkun þessa árs verði ekki umfram 3,5%. Ekki er gert ráð fyrir að gjaldskrárlækkunir séu afturvirkar.

Mikilvægt er að hvert og eitt sveitarfélag skoði sínar gjaldskrár, meti hvort að þær hafa áhrif á barnafjölskyldur eða viðkvæma hópa og þá hvort tilefni er til að taka ákvörðun um lækkun.. Í einhverjum tilvikum er eflaust ástæða til að lækka ekki en mikilvægt er að sveitarfélögin taki umræðu um slíkt.

Vert er að taka fram að ekki er átt við þær gjaldskrár sveitarfélaga sem lögum samkvæmt eiga að standa undir kostnaði við viðkomandi þjónustu eins og t.d. gjaldskrár um fráveitu, vatnsveitu og meðhöndlun úrgangs. Þá er ekki átt við endurskoðun á álagningu skatta þ.e. fasteignaskatts og útsvars.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Arnar Þór Sævarsson
sviðsstjóri þjónustusviðs